

- 48** **STAÐFESTING KONUNGS** á skipulagsskrá fyrir minningar-
 10. maí sjóð Margrjetar Sölvadóttur og Regínu Margrjetar Jónasdóttur, útgef-
 in á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra
 10. maí 1928. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

**Minningarsjóð Margrjetar Sölvadóttur og
 Regínu Margrjetar Jónasdóttur.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Margrjetar Sölvadóttur og Regínu Margrjetar Jónasdóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af nokkrum vinkonum og Sigríði Sigfúsdóttur og Sölva Vigfússyni hreppstjóra, foreldrum Margrjetar Sölvadóttur f. á Arnheiðarstöðum í Fljótsdal 18. desember 1891 d. á Eiðum 13. jan. 1927 — og Hansínu Benediktsdóttur og Jónasi Kristjánsyni hjeraðslækni á Sauðárkrók, foreldrum Regínu Margrjetar Jónasdóttur f. á Brekku í Fljótsdal 30. apríl 1905 d. á Sauðárkrók 31. ágúst 1924.

3. gr.

Stofnfje sjóðsins er kr. 1270,00 sem ávaxtast í Aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands, eða öðrum stað er stjórn sjóðsins telur tryggan.

4. gr.

Markmið sjóðsins er aðallega að gleðja og styrkja sjúklinga þá er dvelja í sjúkrahúsinu á Brekku í Fljótsdal.

5. gr.

Stjórnendur sjóðsins sjeu: Hjeraðslæknirinn í Fljótsdals-
 hjeraði, kona úr Fljótsdalshreppi og kona úr Vallahreppi, sem kosn-
 ar sjeu á almennum sveitarfundum í þessum tveim hreppum til 6 ára
 í senn.

6. gr.

48

Sjóðurinn gefur út minningarspjöld, og skal selja þau í öllum kirkjusóknum læknishjæraðsins af mönnum sem stjórn sjóðsins felur það starf og skulu þeir gera skilagrein fyrir fje því er safnast á þann hátt, fyrir lok septembermánaðar ár hvert. Sömuleiðis skulu stjórnendur sjóðsins selja minningarspjöldin.

10. maí

7. gr.

Verja skal fje því er safnast árlega fyrir minningarspjöld og gjafir til jólagjafa handa sjúklingum þeim er dvelja í sjúkrahúsinu á Brekku um jólin. Og skal stjórn sjóðsins sjá um allar framkvæmdir á því. Gjafirnar sjeu bækur eða aðrir eigulegir munir, sem eru merktir: Gjöf úr minningarsjóði Margrjetar Sölvadóttur og Regínu Margrjetar Jónasdóttur. Komi eitthvað ár meiri peningar inn en stjórn sjóðsins álitur þörf á til jólagjafa, ráðstafar hún afgangi peninganna til næstu jóla.

8. gr.

Jólaglaðningur þessi má aldrei falla niður sje nokkur sjúklingur á sjúkrahúsinu.

9. gr.

Þegar höfuðstóll sjóðsins verður orðinn að upphæð kr. 5000,00, skal verja $\frac{1}{2}$ af ársvöxtum hans til að styrkja fátæka sjúklinga sem dvelja í sjúkrahúsinu á Brekku, en leggja $\frac{1}{2}$ ársvexti við höfuðstól þar til sjóðurinn verður kr. 10000,00; frá þeim tíma og þar til sjóðurinn verður kr. 20000,00 skal taka $\frac{2}{3}$ af ársvöxtum, og þar til sjóðurinn verður kr. 30000,00 $\frac{3}{4}$ ársv. eftir það $\frac{9}{10}$ og leggja eftir það ætíð $\frac{1}{10}$ við höfuðstól

Þau ár, sem engin styrkþurfi er, leggjast allir ársvextir við höfuðstól. Þó skal stjórn sjóðsins heimilt að taka allt að $\frac{1}{2}$ árstekjum sjóðsins áður en hann hefir náð áður greindri upphæð, til jólagjafa sjúklinga fáist eigi fje til þeirra á þann hátt sem um getur í 7. grein.

Höfuðstóllinn má aldrei skerða.

10. gr.

Sjóðurinn starfar aðeins innan takmarka Fljótsdalslæknishjæraðs.

11. gr.

Sjeu engir fátækir sjúklingar á sjúkrahúsinu eftir að farið verður að veita styrk úr sjóðnum, skal hann veittur fátækum sjúkling-

48 um úr læknishjæraðinu sem þurfa að leita sjer læknishjálpar lengra
10. maí burtu, eftir því sem stjórnin ákveður.

12. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ár hvert skal stjórnin birta gjörðir og reikninga hans á almennum sveitafundum í þeim hreppum sem sjóðurinn starfar.

13. gr.

Sjóðurinn tekur til starfa á aðfangadag jóla 1927.

14. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Arnheiðarstöðum, 1. júlí 1927.

Sigríður Sigfúsdóttir.

Sölvi Vigfússon.

Hansína Benediktsdóttir.

Jónas Kristjánsson.